

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Breytum heiminum – Stöðvum Stífkampa

Ágætu forsetar

Átakshópur Stífkampaverkefnisins hefur undanfarið unnið samkvæmt þeirri stefnu sem mörkuð var á umdæmisþingi í Hafnarfirði sl haust. Kiwanishreyfingin á heimsvísu tók ákvörðun að vinna með Unicef að því að ráðast gegn stífkampa, vágesti sem árlega dregur tugþúsundir börn og mæður þeirra til dauða. Markmið samstarfsins er að safna \$110millj á 5 árum og stöðva endanlega þennan kvalafulla sjúkdóm. Söfnunarupp-hæðinni var jafnað á alla félagi í hreyfingunni. Hluttur Íslands er um 48 millj kr. Sem fyrsta söfnunarskref var að fara þess á leit við klúbba í umdæminu að þeir legðu verkefninu sem svarar 2000 kr. á félagi í fimm ár. Einnig ákvað stjórn Styrktarsjóðs umdæmisins að andvirði keyptrar silfur- og gullstjarna á starfsárinu 2012-2013 myndi ganga til verkefnisins. Fljótlega hófust einnig viðræður við Unicef á Íslandi um að efna til einhvers konar söfnunar . Það samstarf hefur nú borið ávöxt sem hér með kynntur.

Staðan í dag er sú að safnast hafa rúmar 11millj. kr. Allir klúbbar hafa lagt eitthvað fram og erum við líklega fyrsta umdæmið sem nær 100% félagapáttöku! Framlög vegna Ísgolfs2012 og ákvörðun Eldeyjar um að gerast Fyrirmyndarklúbbur (Model club) í verkefninu ríður hér meir en 50% baggamun. Hins vegar er umdæmið frekar neðarlega í röðinni (nr. 37) sé miðað við framlag á hvern félagi. Við getum við gert miklu betur!!! Klúbbar eru hvattir til að athuga hvort ekki sé borð fyrir báru til að styrkja verkefnið með framlögum úr styrktarsjóðum klúbbanna. Einnig eru klúbbar hvattir til að gangast fyrir sérstöku söfnunarátaki í heimabyggð eða meðal klúbbfélaga. Laugardaginn 15. febrúar var staða mála kynnt á tveimur svæðisráðsfundum sunnan heiða og farið yfir til hvers er ætlast af Kiwanisfélögum í samvinnuverkefninu með Unicef. Þann 25. Mars nk er svæðisfundur í Óðinssvæði og í apríl er fundur í Sögusvæði. Væntanlega mætir einhver talsmanni verkefnisins á þessa fundi, ef ekki þá verða haldnir fjarfundir með helstu embættismönnum klúbbanna.

Fyrir dyrum stendur landssöfnunaráttak í samvinnu við Unicef á Íslandi. Um er að ræða SMS söfnun sem hleypt verður af stokkunum 20. mars nk.. Fólk verður beðið að senda SMS skilaboðin STOPP í númerið 1900. Skilaboðin kosta 630 kr og bjarga þremur lífum! Ætlunin að safna verulegri upphæð og komast nær markinu. Þetta mun ganga eftir ef allir Kiwanisfélagar eru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum. Söfnunin er landssöfnun, líkt og K-dagsverkefnið og til að sem best megi til takast verða félagar að átta sig á hlutverki sínu. Forsetar og stjórnir klúbbanna gegna hér lykilhlutverki og hvatning þeirra og áhugi mun eflaust smitast til félaganna.

Nú er tækifærið að láta til sín taka!

ELIMINATE
maternal/neonatal tetanus

Kiwanis eru alheimssamtök sjálfbodaliða sem hafa að



12

En hvert er hlutverk Kiwanisfélaga í söfnuninni?

Vinna okkar gengur útá að skýra verkefnið og koma upplýsingum um **söfnunarnúmerið 1900** sem víðast. Virkja t.d. samfélagsmiðla eins og Facebook, Twitter o.fl. Unicef á Íslandi á 16000 vini á Facebook og hvað bætast mörg þúsund við þegar við sendum okkar Fésbókarvinum skilaboð og beiðni um að senda SMS í 1900???. Bæklingur með helstu upplýsingum um stífkrampa og verkefnið verður prentaður og dreift til allra klúbba. Þar verður rækilega minnt á símanúmerið og vísað til söfnunarsíðu sem verið er að setja upp hjá Unicef <http://www.unicef.is/stifkrampi>. Hlutverk klúbbfélaga er að kynna sér efni heimasíðunnar og bæklingins og dreifa honum sem víðast í sínu nærumhverfi. Söfnunin stendur yfir frá 20. mars til ágústloka og á þeim tíma nýtum við og/eða sköpum tækifæri til að minna á verkefnið. Verkefnisstjórn mun ýta við ykkur með tölvupósti og/eða símtölum og reyna að halda okkur við efnið. Samstarfsaðili okkar mun einnig virkja sína félagsmenn. **Kiwanishreyfingin hefur hér einstakt tækifæri til að breyta heiminum, látum okkar ekki eftir liggja!!!**

20. mars 2014

Fimmtudaginn 20. mars hleypum við söfnuninni af stað. Þá opnum við „Sögusýningu“ í Kringlunni í tilefni 50 ára afmælis Heklu og sýnum myndir og greinum í prentuðu máli frá þeim verkefnum sem Kiwanisklúbbar landsins hafa unnið að gegnum tíðina. Margir klúbbar hafa svarað beiðni um upplýsingar um klúbbinn sinn. Þeim sem ekki hafa gert það er bent á tengilinn [Sögusýning](#). Svarið sem allra fyrst og ekki seinna en 10 mars! Klúbbar eru einnig beðnir að senda inn 4-5 rafrænar **myndir í góðum gæðum** af klúbbstarfinu fyrr og nú. Kiwanisfélagar úr Freyju- og Ægissvæði auk tveggja klúbba í Sögusvæði munu vera á staðnum sýningar-dagana þrjá og afhenda vegfarendum umræddan bækling og svara spurningum um verkefnið og Kiwanisstarfið

Opnunardaginn verður boðað til blaðamannafundar þar sem verkefnið verður kynnt. Unicef mun koma upplýsingum um verkefnið á framfæri með auglýsingaborðum á netmiðlum og þeirra fólk minnir á þetta með úthringingum. Þar sem söfnunin stendur yfir í svo langan tíma þurfum við ekki öll að byrja á sama tíma heldur biðjum við klúbbana að sæta færiss og nýta þau tækifæri sem gefast fram á vorið til að koma út upplýsingunum, endilega á fjölförnum stöðum í bæjarfélaginu, á hátíðisdögum o.fl. Stefnt er á að dreifa bæklingnum með afhendingu Kiwanishjálma í vor. Sérstökum verkefnisborða hefur verið komið fyrir á www.kiwanis.is. Þar eru nú þegar komin gögn sem við notuðum á fyrrnefndum svæðisráðsfundum. Klúbbum er einnig velkomið að boða félagi í verkefnisstjórn á stjórnar- eða klúbbfundi til að ræða verkefnið og átakið eða senda þeim línu eða slá á þráðinn!

Gangi ykkur sem allra best – við treystum á ykkur.

Verkefnisstjórn Stífkrampaverkefnisins

Ástbjörn Egilsson, Óskar Guðjónsson
Sæmundur H. Sæmundsson, Guðlaugur Kristjánsson
Björn Ágúst Sigurjónsson

ELIMINATE
maternal/neonatal tetanus

